



Skýrsla starfshóps vegna yngri barna í leikskólum

Reykjavík
2008

Skýrsla starfshóps vegna yngri barna í leikskólum

Starfshópin skipuðu:

Hildur Skarphéðinsdóttir, Leikskólasviði, formaður

Hulda Björk Valgarðsdóttir, Rauðaborg

Ólöf Helga Pálmadóttir, Hálsaborg

Sigríður Marteinsdóttir, Leikskólasviði

Sigrún Einarsdóttir, Þjónustumiðstöð Breiðholts

Sædís Magnúsdóttir, Hlíðarenda

Kolbrún Vigfúsdóttir, Leikskólasviði

Leikskólasvið Reykjavíkur 2008

1. Tillögur til úrbóta

Gera þarf mat á þörf fyrir þjónustu við yngstu börnin í hverfum borgarinnar út frá mannfjöldaspá og gera áætlun um uppbyggingu leikskóladeilda fyrir yngstu börnin í hverju hverfi.

Móta þarf viðmið um húsnæði og aðbúnað fyrir yngstu börnin í samráði við sérfræðinga og í framhaldi af því gera úttekt á húsnæði borgarreknu leikskólanna og áætlun um endurbætur og/eða viðbyggingar.

Varðandi fjölda barna og starfsfólks á yngstu deildum verði tekið mið af nýjum lögum um leikskóla. Niðurstöður varðandi þennan lið bíða því reglugerðar við lög um leikskóla nr. 90/2008.

Endurvekja þarf starfshóp Leikskólasviðs og Framkvæmdasviðs til að vinna áfram með þær tillögur sem komið hafa um útileiksvæði.

Haustið 2008 auglýsi Próunarsjóður leikskóla sérstaklega eftir verkefnum sem tengjast yngstu börnunum.

Leikskólasvið gefi út rammanámskrá fyrir yngstu börnin sem gildi fyrir leikskóla og dagforeldra í Reykjavíkurborg. Námskráin verði unnin í samstarfi við fræðimenn á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Í erindisbréfi starfshópsins segir að hann skuli móta stefnu varðandi yngstu börnin í leikskólanum. Starfshópurinn setur fram hugmynd að stefnu Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar varðandi uppeldi, menntun og umönnun barna frá sex mánaða til þriggja ára (sjá viðauka 5).

Í undirbúningi er rafræn innritun í leikskóla og því sér starfshópurinn ekki ástæðu til að fjalla nánar um þennan þátt í erindisbréfinu.

Efnisyfirlit

1. Tillögur til úrbóta	2
2. Starfshópur.....	4
a. Starfshópur - tilurð	4
b. Starfshópur – hlutverk og verkefni.....	4
3. Söfnun upplýsinga	5
4. Niðurstöður	7
5. Viðaukar	
Niðurstöður úr spurningakönnun Svandísar Nínu Jónsdóttur.....	8
Niðurstöður frá rýnihópum með leikskólastjórum og leikskólakennurum	10
Niðurstöður úr rýnihópi foreldra leikskólabarna	11
STUTTIR FÆTUR – STÓR HUGUR - STERKUR VILJI	12

2. Starfshópur

a. Starfshópur - tilurð

Í stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum frá 2006 segir að innan 10 ára standi leikskólinn öllum börnum til boða frá eins árs aldri.

(Stefna og starfsáætlun Menntasviðs 2006)

Á forsendum þessarar stefnu ákvað framkvæmdastjórn Leikskólasviðs vorið 2007 að setja af stað starfshóp til að móta tillögur að stefnu í málefnum yngstu barnanna í leikskólanum.

(Erindisbréf: Starfshópur vegna yngri barna í leikskólum 2007)

Ákveðið var að starfshópurinn starfaði undir stjórn Hildar Skarphéðinsdóttur, skrifstofustjóra, og í honum sætu Kolbrún Vigfúsdóttir og Sigríður Marteinsdóttir frá Leikskólasviði, einn fulltrúi leikskólastjóra, tveir fulltrúar leikskólakennara sem starfa á deildum fyrir yngstu börnin og einn fulltrúi frá Velferðarsviði. Fulltrúi leikskólastjóra var Ólöf Helga Pálmadóttir, fulltrúar leikskólakennara voru Hulda Björk Valgarðsdóttir, Rauðaborg og Sædís Magnúsdóttir, Hlíðarenda, fulltrúi frá Velferðarsviði var Sigrún Einarsdóttir, Þjónustumiðstöð Breiðholts.

b. Starfshópur – hlutverk og verkefni

Hlutverk starfshópsins, samkvæmt erindisbréfi, er að móta stefnu varðandi yngstu börnin í leikskólanum.

Helstu verkefni:

- Gera úttekt í leikskólum til að greina hvaða leikskólar geta tekið inn börn frá 12 mánaða aldri. Hópurinn greinir þau gögn sem utanaðkomandi aðilar verða fengnir til að safna.
- Gera tillögur um fjölda barna og starfsfólks á deildum fyrir yngstu börnin.
- Gera tillögur um breytingar á húsnæði leikskóla þannig að ein deild svari þörfum yngstu barnanna og skoða hvernig aðlaga skuli útileiksvæði fyrir yngstu börnin.
- Skoða hvernig haga skuli innritun og forgangi í leikskóla sem hafa yngri barna deild.
- Kanna viðhorf og áhuga leikskóla á því að vinna þróunarverkefni og / eða þróa nýjungar í starfi með yngstu börnunum.
- Semja námskrá/ramma fyrir yngstu börnin sem nær til leikskóla Leikskólasviðs, sjálfstætt starfandi dagforeldra og einkarekinna leikskóla.
- Fá kostnaðaráætlun vegna breyttra forsenda fyrir rekstri vegna yngri barna (fjölgun starfsmanna, búnaður og fl.).

c. Vinna starfshópsins

Starfshópurinn fundaði 8 sinnum á tímabilinu frá maí til október 2007 og var fyrsti fundur hópsins haldinn 3. maí.

Á fundunum voru ræddar nýjustu hugmyndir um skipulag og áherslur í leikskólastarfi sem henta ungum börnum.

Á fundi starfshópsins komu gestir sem sögðu frá heimsóknum í erlenda leikskóla og einnig komu lektorarnir Guðrún Bjarnadóttir og Hrönn Pálmadóttir á fund hópsins og sögðu frá rannsóknarverkefni um yngstu börnin í leikskólanum, *Aðbúnaður, áherslur í starfi og þátttöku barnanna*.

Starfshópurinn ræddi hugmyndir að námskrá fyrir 0 – 3 ára og setti fram hugmyndir að stefnu í málefnum yngstu barnanna (sjá viðauka 4) og lagði drög að skipulagi fyrir málþing haustið 2008.

3. Söfnun upplýsinga

Starfshópurinn viðaði að sér margskonar upplýsingum úr skýrslum, námskrám, bókum og efni af vefnum og tók til umræðu á fundunum.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Ákveðið var að leita til Nýsköpunarsjóðs námsmanna um að gera úttekt í leikskólum til þess að greina hvaða leikskólar geta tekið inn börn frá 12 mánaða aldri. Tölfræði- og rannsóknþjónusta (TOR) og leikskólaskrifstofa sóttu um til Nýsköpunarsjóðs námsmanna vorið 2007 og fengu úthlutað styrk sem svarar launum starfsmanns í tvo mánuði. Leikskólasvið bætti síðan við launum í einn mánuð. Í samvinnu við TOR var Svandís Nína Jónsdóttir, doktorsnemi við HÍ, ráðin til starfsins. Svandís Nína safnaði gögnum um reynslu og hugmyndir frá Norðurlöndum og OECD ríkjum og gerði könnun meðal allra leikskóla þar sem leikskólastjórar og deildarstjórar á yngstu deildum leikskólanna voru spurðir að því hvort þeir teldu að leikskólarnir væru í stakk búnir til þess að taka á móti börnum yngri en 18 mánaða og ef svo væri ekki, hvað þyrfti að gera til þess að það væri hægt. Svandís Nína skoðaði aðstæður á yngstu deildum í leikskólum í Árbæjarhverfi, Grafarholti og Norðlingaholti, en þessi hverfi voru valin vegna þess að þar eru fjölbreyttar leikskólabyggingar, bæði gamlar og nýjar (sjá viðauka 1).

Rýnihópar

Kallaðir voru saman tveir rýnihópar leikskólastjóra og leikskólakennara á yngstu deildum og einn rýnihópur með foreldrum (sjá viðauka 2 og 3).

Sérfræðingar

Á fund starfshópsins voru kallaðir sérfræðingar sem hafa sérþekkingu á málefnum yngstu barnanna eða gátu deilt áhugaverðri reynslu af heimsóknum í erlenda leikskóla.

Hrönn Pálmadóttir og Guðrún Bjarnadóttir frá KHÍ komu á fund hópsins og sögðu frá undirbúningi rannsóknar sem þær vinna að. Í rannsókninni verða sendir út spurningalistar til leikskólanna um fjölda barna og samsetningu barnahópsins. Rannsakendur munu skoða leikskóla sem virðast koma út sem gæða leikskólar og einnig þá sem eru verr settir. Einnig er ætlunin að taka viðtöl við leikskólastarfsmenn og foreldra og skoða starfið á deildunum og samskipti barnanna. Rætt var um

hugsanlegt samstarfi milli KHÍ og Leikskólasviðs um gerð ramma fyrir námskrá yngstu barnanna í leikskólanum.

Guðrún Sólveig Vignisdóttir sagði frá heimsókn í leikskóla á Spáni 2006.

Sigríður Marteinsdóttir sagði frá heimsókn til Danmerkur 2006 og kynnti skýrslu sem unnin var eftir þá heimsókn.

Hildur Skarphéðinsdóttir sagði frá heimsóknum í leikskóla í London 2007.

4. Niðurstöður

Aukin áhersla á að bjóða börnum leikskólapláss strax að loknu fæðingarorlofi kallar á rannsóknir á umhverfi leikskólanna og möguleikum þeirra til að taka á móti svo ungum börnum.

Niðurstöður úr rýnihópum með leikskólastjórum, leikskólakennurum og foreldrum sýna að bæði foreldrar og leikskólastarfsmenn hafa ákveðnar skoðanir á fjölda barna og starfsmanna á deildum fyrir yngstu börnin, aðbúnaði á deildum og útivistarsvæði barnanna. Leikskólastarfsmenn og foreldrar hafa áhyggjur af starfsmannahaldi og nefna að mikil starfsmannavelta komi illa við ung börn.

Leikskólastjórar og leikskólakennarar telja rétt að hafa sérstaka námskrá fyrir yngstu börnin en foreldrar leggja áherslu á góð samskipti og greiða upplýsingagjöf.

Þessa þætti er nauðsynlegt að taka til skoðunar í þeim rannsóknum sem gerðar verða, ásamt fleiri þáttum í starfi með yngstu börnunum.

Guðrún Bjarnadóttir og Hrönn Pálmadóttir eru að gera rannsókn um áherslur í starfi með yngstu börnunum, aðbúnaði leikskólanna og þátttöku barnanna og að öllum líkindum gefur sú rannsókn ákveðnar upplýsingar.

Þó niðurstöður Svandísar Nínu Jónsdóttur gefi ákveðnar vísbendingar varðandi viðhorf starfsfólks er nauðsynlegt að gera betri rannsókn/úttekt á aðstöðu, búnaði og fagstarfi leikskólanna í samvinnu við stofnanir á borð við RannUng.

5. Viðaukar

Viðauki 1

Niðurstöður úr spurningakönnun Svandísar Nínu Jónsdóttur

Sextíu leikskólastjórar, eða 80%, svöruðu spurningunum og tuttugu deildarstjórar á yngstu deildum eða 25%. Meirihluti leikskólastjóra segir að leikskólinn visti börn átján mánaða og yngri og að sú vistun hafi gengið vel. Ekki kemur fram um hve mörg börn er að ræða en í flestum tilfellum er um starfsmannabörn að ræða.

77% voru mjög eða frekar sammála því að æskilegt væri að börn átján mánaða og yngri dvelji í leikskóla.

83% voru mjög eða frekar sammála þeirri staðhæfingu að öll börn átján mánaða og yngri ættu að fá vistun í leikskóla ef foreldrar kjósa.

98% voru mjög eða frekar sammála þeirri staðhæfingu að leikskólar þurfi aukið rými til að geta tekið á móti yngri börnum.

83% voru mjög eða frekar sammála þeirri staðhæfingu að leikskólar þurfi að útbúa sérstakt, afgirt útivistarsvæði fyrir yngstu börnin.

59% voru mjög eða frekar sammála þeirri staðhæfingu að börn átján mánaða og yngri ættu að geta sofið úti í vögnum ef foreldrar kjósa.

Varðandi spurningu um fermetrarými í leikskólum kemur fram að viðmælendur telja gæði leikskóladvalar ekki ákvarðast af rými leikskólans, fremur beri að skoða fjölda barna í hverjum hópi.

75% svarenda eru mjög eða frekar sammála staðhæfingu um að börn yngri en átján mánaða ættu ekki að vera á blönduðum deildum með eldri börnum.

98% eru mjög eða frekar sammála þeirri staðhæfingu að börnum yngri en átján mánaða henti betur að vera í fámennari hópi en eldri börnum.

97% eru frekar eða mjög sammála því að börn yngri en átján mánaða þurfi að vera í umhverfi þar sem starfsmannavelta er lítil.

95% eru mjög eða frekar sammála þeirri staðhæfingu að samvinna við foreldra þurfi að fara eftir skýrum leiðum þegar um er að ræða börn átján mánaða og yngri.

69% eru mjög eða frekar sammála því að samstarf við foreldra yngstu barnanna þurfi að vera meira en þegar um eldri börn er að ræða.

Í skýrslunni kemur fram að viðmælendur (leikskólastjórar og deildarstjórar) telja að sveigjanleiki í Aðalnámskrá sé nauðsynlegur og gefi sveitarfélögum möguleika á að bregðast við aðstæðum hverju sinni. Það sama eigi einnig við um hverfi innan Reykjavíkurborgar.

76% eru mjög eða frekar sammála því að leikskólar ættu ekki að vista börn átján mánaða og yngri án þess að til staðar sé markviss stefna í skólanámskrá um umönnun þeirra.

87% eru mjög eða frekar sammála því að brýnt sé að skólanámskrá fjalli sérstaklega um umönnun og aðbúnað yngri barna.

97% eru mjög eða frekar sammála því að hver leikskóli eigi að hafa frelsi til að móta eigin stefnu í umönnun yngri barna.

79% eru mjög eða frekar sammála því að leikskólar í Reykjavík ættu að hafa frelsi til að takmarka fjölda vistaðra barna átján mánaða og yngri.

59% voru mjög eða frekar sammála um að deildarstjórar yngstu deilda þurfi að sérhæfa sig í menntun og umönnun mjög ungra barna.

90% voru mjög eða frekar sammála því að skylda ætti starfsfólk yngstu deilda til að sækja sérstök fræðslunámskeið um menntun og umönnun mjög ungra barna. 91% voru mjög eða frekar sammála um að kennaranám á háskólastigi þurfi að bjóða upp á fleiri námskeið um menntun og umönnun mjög ungra barna.

76% voru mjög eða frekar sammála um að fjöldi vistaðra barna ætti að vera í samræmi við fjölda starfsmanna sem eru menntaðir í uppeldi ungra barna.

Niðurstöður frá rýnihópum með leikskólastjórum og leikskólakennurum

Þátttakendur rýnihópanna voru sammála um að æskileg aldursblöndun á yngstu deild sé tólf til tuttugu og fjögurra mánaða börn, tólf börn í hóp og þrír starfsmenn með hvern hóp.

Varðandi húsnæði kom fram að æskilegt væri að yngri deildir hefðu sér fataklefa og bent var á að opin rými henti ekki vel ungum börnum, fleiri og minni herbergi henti betur. Yngstu börnin nýta ekki mikið sameiginleg rými en ekki megi þó gleyma hreyfipörf þeirra. Varðandi hvíldaraðstöðu benda þátttakendur á að gott er að hafa tvö svæði fyrir hvíld.

Báðir hópar voru sammála um mikilvægi þess að leiksvæði yngstu barnanna væri afgirt eða afmarkað frá leiksvæði eldri barna.

Leikskólastjórar og leikskólakennarar voru ekki sammála um búnað á yngstu deildum. Leikskólastjórar vildu eindregið hafa há borð og stóla en leikskólakennarar voru ekki jafn vissir um kosti þess. Báðir hópar töldu mikilvægt að börn hefðu val um að leika við lægri borð. Ekki var ágreiningur um annan búnað, s.s. dýnur, púða, teppi, dúkkur, kerrur og kubba, bæði mjúka og harða. Báðir hópar lögðu áherslu á að hlutir og efniviður ættu að vera í augnhæð barnanna.

Varðandi starfsmannahald var rætt um hvort erfiðara yrði að fá leikskólakennara á yngstu deildir og var nefnt í því sambandi viðhorf til yngri barna í leikskólum en einnig að umönnun yngstu barnanna kallar á að starfsmenn séu líkamlega vel á sig komnir. Rætt var um hvort mannaskipti væru tíðari á yngstu deildum vegna þess að á haustin er lögð áhersla á að manna eldri deildir fyrst og bíða með inntöku barna á yngstu deildirnar.

Þátttakendur voru sammála um að námskrá leikskólans ætti að vera aldursskipt en skyldi ganga út frá einu markmiði.

Varðandi framtíðina bentu leikskólastjórar á nauðsyn þess að gera úttekt á leikskólum borgarinnar og greina hverjir þeirra eru í stakk búnir til þess að taka á móti börnum frá tólf mánaða aldri. Einnig er mikilvægt að hafa þarfir yngstu barnanna í huga þegar byggðir eru nýir leikskólar.

Niðurstöður úr rýnihópi foreldra leikskólabarna

Aðlögunartíminn við upphaf leikskóladvalar er barni og foreldrum afar mikilvægur og höfðu flestir foreldranna góða reynslu af aðlögun barna sinna í leikskóla. Bent var á að taka beri tillit til ættleiddra barna sem þurfi lengri tíma í aðlögun en almennt sé aðlögun einstaklingsbundin. Einnig er mikilvægt að ákveðinn starfsmaður tengist hverju barni á aðlögunartímanum og sé því og foreldrum þess til halds og trausts. Æskilegt er að barn og foreldrar hafi tækifæri til að heimsækja leikskólann áður en aðlögun hefst.

Foreldrar hafa almennt þá tilfinningu að þeir þurfi að hafa frumkvæði að samskiptum og starfsfólk mætti gjarnan koma meira til móts við barnið þegar það kemur í leikskólann. Rætt var um hvort greina megi mun eftir því hvort um fagfólk er að ræða eða ekki og einnig getur mannekla haft áhrif. Foreldrar telja það góð vinnubrögð að fá foreldra að gerð ársáætlunar.

Besta upplýsingagjöfin í daglegum samskiptum er frá manni til manns. Einnig er gott að miðla upplýsingum með myndum og jákvætt að nota tölvupóst fyrir almenna upplýsingagjöf. Foreldrar vilja gjarnan fá meiri og betri upplýsingar á heimasíðu leikskólanna.

Dagsskipulag er almennt talið gott, allt í föstum skorðum og vel hlúð að börnunum, en fjöldi barna miðað við starfsmenn væri of mikill og kemur í veg fyrir að hægt sé að sinna hverju barni eins og æskilegt er.

Flestir leikskólar hafa gott húsnæði og búnað en slíkt er þó ekki aðalatriði. Þó nefndu nokkrir lítil herbergi og of mörg börn í hópi og þó leikrými væru í sjálfu sér ágæt, þá skemmdi fyrir hvað barnahóparnir eru stórir. Eitt foreldri benti á könnunarleikinn sem gott tilboð fyrir yngstu börnin en bæta mætti bóka- og tónlistarkost leikskóla. Hvíldaraðstaða er góð og foreldrar höfðu ekki skoðun á því hvort rétt væri að bjóða upp á vagna fyrir yngstu börnin, nægilegt væri að bjóða upp á góða svefnaðstöðu

Útileiksvæði eru yfirleitt í góðu lagi, en æskilegt er að það sé afmarkað fyrir yngstu börnin.

Hæfilegt er að hafa þrjú til fjögur börn á hvern starfsmann til að hann geti fylgst með sínum börnum og skráð niður upplýsingar.

Foreldrar voru spurðir um hvað væri mikilvægast að vinna með í framtíðinni. Þeir töldu að mikilvægasti þátturinn í leikskólanum væri gott starfsfólk sem sýnir börnum og foreldrum hlýtt og elskulegt viðmót. Húsnæði þarf að vera gott og starfið fjölbreytt, metnaðarfullt og byggja á uppeldisfræðilegum kenningum og reynslu starfsfólks. Gott að hafa námskrá og upplýsa foreldra á haustin um það hvernig henni verði framfylgt.

Foreldrar nefndu nokkra annmarka sem bæta þarf úr. Starfsmannaskortur og tíð starfsmannaskipti koma niður á starfseminni, of mörg börn á starfsmann og húsnæði í sumum leikskólum þröngt fyrir yngstu deildina.

Stuttir fætur – stór hugur - sterkur vilji

Stefna Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar í málefnum sex mánaða til þriggja ára barna

Foreldrar í Reykjavík hafa val um leikskólapláss á smábarnadeildum í leikskólum borgarinnar, sérstökum ungbarnaleikskólum eða vistun hjá dagforeldrum fyrir börn sín frá því að fæðingarorlofi lýkur. Í öllum hverfum borgarinnar er boðið upp á þessa þjónustu.

Yngstu deildir leikskóla, ungbarnaskólar og dagforeldrar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, Aðalnámskrá fyrir leikskóla og taka mið af rammanámskrá Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar fyrir börn frá 0 til 2 ára.

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar leggur eftirfarandi áherslur til grundvallar stefnu sinni í málefnum yngstu barnanna

Börn eru allt frá fæðingu hugsandi verur með sjálfstæðan vilja. Því er lögð áhersla á að búa þeim umhverfi og aðstæður sem gefa þeim færi á að efla vilja sinn, sjálfstæða hugsun og frumkvæði.

Frá unga aldri setja börn sér markmið og það er verkefni hinna fullorðnu að skapa þeim rými til að ná þessum markmiðum.

Ung börn þarfnast umhyggju og hvatningar. Því þurfa þeir sem starfa á yngstu deildum í leikskólum, ungbarnaskólum og dagforeldrar að hafa góða þekkingu á þroska og þörfum ungra barna.

